



# Grafinn en ekki gleymdur!

**BÆKUR**  
SÖLVI  
SVEINSSON



Fræðirit

Lúkíansþýðingar Sveinbjarnar Egilssonar ★★★★★

Már Jónsson bjó til prentunar og skrifaði inngang.

Kilja, 377 bls., skýringar, skrár. Sæmundur 2022.

Lúkían frá Samostata fæddist um 120 og dó árið 180 eða litlu síðar, líklega í Egiftalandi, Sýrlendingur að ætt; Rómverjar nýbúinir að hrifsa Sýrland í veldi sitt þegar hann leit dagsljós, Samostata núna í Tyrklandi. Hann var settur til verknáms

hjá frænda sínum, myndhöggvara að mennt, en fyrir klaufsku sakir hvarf hann á brott. Með einhverju móti varð hann lærdómsmaður og tileinkaði sér gríska tungu með slíkum

ágætum að allir sem hana þurfa að nema til nokkurrar hlítar verða að lesa rit hans. Ekki spillti að þau féllu í kramið hjá lesendum nema þeir væru bundnir á klafa einhverrar kreddu.

Vitneskja um Lúkían er brotarkennd og öll sótt í rit hans sjálfs, en þau eru talin rúmlega 80. Ekki er á vísan að róa um sannleiksgildi þeirra um lífshlaup Lúkíans því að hann var skemmtilegur hádfugl, ekkert var honum heilagt. „Fræðimenn sem láta það eftir sér að tengja girnilega textabúta við lífshlaup höfundarins eiga það líka til að seilast of langt til túlkunar“ segir Már réttléga (10); margir fallið í þá gryfju að fornu og nýju og sumir brennt sig. Lúkían nýtti sér samræðuform í verkum sínum en gjarnan er sagt að meistari þess sé Platon. Þessi aðferð skaust inn í íslenskar bókmenntir í t.d. Gylfaginningu og Atla Björns í Sauðlauksdal í fræðsluformi þar sem fávís spyr en vitur svarar. Fræði-



Þjóðminjasafn Íslands

**Þýðandinn Sveinbjörn Egilsson á einstakri daguerreó-týpu sem tekin hefur verið upp úr 1850 og er ein fyrsta ljósmynd af Íslendingi.**



Már Jónsson

besta gamanleikjaskáld fornaldar; hann einn er sagður vekja gláðari hlátur en Lúkían af klassískum höfundum fornum. Samræður Lúkíans og önnur verk hans eru öll mörkuð af efasemdum og háði gagnvart ríkjandi gildum samtímans; hann endurvekur gamlar hefðir með hressilegum brag (17); hafði ríkulegan orðaforða og nokkru fjölbreyttari en t.d. Platon og Plútarkos.

Kannski fannst Lúkían að líf manna væri „einn brandari“ og menn skildu ekki sjálfa sig og hagsmunu sína (13). Staðalmyndir mannlífsins stíga ljósliðandi fram í verkum Lúkíans, harðstjóri, niskupúki,

mannhatari, slúðrari, svikahrappur o.fl. (16) en hann hafði legið um aldir í gróf sinni þegar menn fóru að gefa verkum hans gaum að nýju, laust fyrir 1000 í Konstantínópel og að marki á endurreisnartímanum; kirkjunnar menn guldu varhug við Lúkían, töldu hann guðlastara (23). Það bjargaði hins vegar ritum hans frá glötun hvað hann skrifaði góða grísku sem var verðandi embættismönnum o.fl. að fyrirmynd (24). Rit hans voru þýdd á latínu einkum á 15. og 16. öld og höfðu áhrif á þýðendur, t.d. Tomas More og Útópíu hans (25) og Erasmus (Lof til heimskunnar); franskri höfundurinn Rabelais var aðdáandi Lúkíans. Jonatan Swift ritaði um ferðir Gúllivers undir áhrifum hans og sumir ganga svo langt að kalla Lúkían upphafsmann vísindaskáldsögunnar. Á 16. og 17. öld voru ritaðar ótal samræður með sama glettina yfirbragði og Lúkían mótaði.

**Víða hreinn skemmtilestur**

Ýmis rit Lúkíans voru kennd í Bessastaðaskóla sem skráði pilt til



**Skáldið Lúkían frá Samostata fæddist um 120 og dó árið 180.**

náms frá 1805, bæði kaflar úr sýnisbókum grískra bókmennta sem gefnar voru út handa dönskum lærðum skólum og öðrum útgáfum, ekki síst eftir að Sveinbjörn Egilsson byrjaði kennslu 1819; efnamaður í krafti föðurarfs (35). Hann hafði á því orð að sum fræði, líklega ekki síst grísk og latnesk, væru „inngangur og aðdragandi til annara, svo að ekki verður komist til þekkingar á þessum nema hin séu áður numin“. Bessastaðakennarar hafa áreiðanlega þurft að svara sömu spurningum nemenda og kennarar núna: „Til hvers erum við að læra ÞETTA?“ Ekki var Lúkían þó vetur hvern á dagskrá, en „Draumurinn“ og „Tímon“ alloft og raunar fleiri verk. Bókaskortur hamlaði stundum að Lúkían væri tekinn til kostanna (41). Prestar sem bjuggu pilt undir Bessastaðaskóla létu sumir lesa Lúkían (45) eftir ábendingum Sveinbjarnar.

Engin af þýðingum Sveinbjarnar á ritum Lúkíans er til með hendi hans, þær sem varðveist hafa eru runnar frá læriseinum; þannig eru í þessari bók þrjár mismunandi uppskriftir af „Draumnum“ og jafnargar af „Tímon“ en ein af „Ragnaræðum“, „Sjógóðaræðum“ og „Promeþeusi“, tvær af „Karon“. Sýnilegur blæbrigða- og orðalagsmunur er á handritum skólapilta sem sýna fremur að Sveinbjörn hefur í tímans rás snurfusað þýðingar

sínar fremur en að skólasveinar hafi farið sínar eigin leiðir þegar þeir skrifuðu upp fyrirlestrana. Már segir þýðingar hans „óviðjafnanlegar“ og „hann hlýtur að hafa skemmt sér konunglega sjálfur“ (64). Þessu má samsinna, víða eru verk Lúkíans hreinn skemmtilestur í meðförum Sveinbjarnar en auk þess eru þær heimild um orðafor, málnotkun, veraldarsýn o.fl.; „með bognar fingurnar“ skrifar t.d. einn lærisevinninn (119). Sagði Sveinbjörn svo? Hvernig er „skinnsterkur“ maður (123)? Menn hittust í „hellirnum“ sem stangast á við skólamálfraeðina (253). „Örnin“ er hér í kvenkyni (262).

**Erindi þýðinganna?**

Hvaða erindi eiga þessar þýðingar við samtímamann? Í fyrsta lagi eru þær menningarsöguleg heimild. Þetta lásu verðandi embættis-, stjórn mála- og fræðimenn vorir til að búa sig undir lífið. Gríska var akkeri, og Lúkían skrifaði betri grísku en flestir aðrir þótt efnisval og -tök færu fyrir brjóstið á mörgum. Ritin og lestur þeirra voru grundvöllur fyrir málfraeðilega greiningu, rétt eins og raunin var um Völuspá í einhverjum skóla síðar. Ekki spillti fyrir að lesturinn var alls ekkert svefmedal þótt vafalaust hafi grísk málfraeði reynst mörgum dáðadrengrum seig undir tönn. Í heimildaskrá má sjá að ýmsir hafa spreytt sig við að þýða Lúkían fram á síðustu ár þannig að hann virðist enn eiga hljómgrunn enda er útsmöginn stíll hans og skeytingarleysi um ríkjandi hefðir og gildi í ætt við ýmis ádeiluskrif í samtímanum þótt Lúkían sé þeim mun hvassari en sporgöngumenn hans flestir sem hann var betur lesinn en þeir.

Ekki fæ ég betur séð en Már hafi lagt mikla alúð við verk sitt, fært eitt og annað til nútíðarmáls, birtir skýringar Sveinbjarnar á efnisatriðum, sem eru bráðnaudsýnlegar því hér renna fram á færibandi guðir og vættir. Inngangur hans er stuttur en þar er stíkláð á stærstu steinum og óspart vísað í viðamiklar heildarútgáfur á verkum Lúkíans. Að öllu samanlögðu: óvænt útgáfa og læsileg bók!